

HAFNARPÓSTURINN

MÁLGAGN ÍSLENDINGAFÉLAGSINS

Mai 2005 2.tbl 20. árgangur



Eru Íslendingafélög að deyja?

Bls. 12 ►



HP 20 ára



Bls. 4 ►

Hekkenfeld



Bls. 6 ►

Lystigarðar



Bls. 8 ►

Nútímaljóð



Bls. 16 ►

Vorfiðringur

Leiðari

Margrét V. Helgadóttir

Nú þegar sumarið er opinberilega tekið við völdum samkvæmt almanakinu, er ekkert annað að gera en að hlakka til að ylja sér við volga sólargeislana á næstu vikum og njóta birtunnar og léttleikans sem einkennir þennan árstíma. Í vorblaði Hafnarpóstsins kennir ýmissa grasa og þakkarvert hversu margir hafa sent inn efni í blaðið að þessu sinni. Sem dæmi má nefna að Sigurður Jónasson skrifar áhuga-verðan pistil undir dálkinum síðasta orðið og ekki má gleyma hinum frábæru skáldum í Íslenska skólanum í Jónshúsi sem sendu okkur frumsamin ljóð. Við kíkjum í skemmtigarðana á stór Kaupmannahafnar-svæðinu og höldum áfram að rekja sögu Hafnarpóstsins. Sighvatur Jónsson, fréttaritari Stöðvar 2 í Danmörku, og búsettur á Jótlandi er duglegur að flytja fréttir af Íslendingum í Danmörku. Ekki alls fyrir löngu sendi hann afar áhugaverða frétt heim um

starfsemi Íslendingafélaga í útlöndum. Við í stjórn ÍFK fögnuðum fréttinni og fengum Sighvat til að senda okkur grein sem byggir á þeim upplýsingum sem hann aflaði sér við gerð fréttarinnar.

Ég fæ stundum skammir fyrir að segja ekki frá uppákomum eða einstökum viðburðum í blaðinu og lít orðið á það sem hluta af starfinu. Reyndar er líka hringt heim til mín og kvartað yfir að Norræna sigli of sjaldan eða að Icelandair hafi hækkað netsmellina en því miður get ég engu breytt í þeim efnum. Ef við höldum okkur við efnisinnihald blaðsins væri auðvitað skemmtilegast að geta birt fréttatilkynningar, áhugaverðar greinar og myndir frá öllu þeim uppákomum og atburðum sem Íslendingar í Kaupmannahöfn standa fyrir eða taka þátt í. En við megum ekki gleyma því að Hafnarpósturinn kemur út 6. sinnum á ári og við blaðið eru hvorki blaðamenn né ljósmyndarar á launum. Að sjálfsögðu er allt aðsent efni til blaðsins vel þegið, og vil ég því hér með hvetja alla sem standa fyrir menningarviðburðum, íþróttakappleikjum, áhuga-

verðum uppákomum eða vita af einhverju áhugaverðu til að miðla í blaðið til að senda okkur línu og helst myndir á netfangið: hafnarpostur@islendingafelagid.dk.

Ég vil að lokum nota tækifærið og þakka frábæru samstarfsfólki sem hefur unnið með mér að blaðinu síðastliðið ár en hefur hug á að hverfa úr ritnefnd vegna anna. Erla Sigurðardóttir hefur verið ómetanleg aðstoð við prófarkalestur, skrif og hugmyndavinnu og á miklar þakkir skyldar fyrir tryggðina við Hafnarpóstinn í gegnum þessi 20 ár. Þórarinn Leifsson á sömuleiðis mikið hrós skilið fyrir að hanna nýtt blað frá grunni. Hann var hætur en ákvað að koma að gerð þessa blaðs í allra síðasta sinn. Við hin sem eftir sitjum tókum bara undir „það er enginn leið að hætta“ með Stuðmönnum og höldum í vonina að fá þau Erlu og Þórarinn aftur til starfa með okkur þegar hægist um hjá þeim.



Hafnarpósturinn

2. tölublað 20. árgangur 2005

Hafnarpóstur er prentaður í 1000 eintökum.

Útgefandi og ábyrgð:

Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn
hafnarpostur@islendingafelagid.dk

Ritstjórn

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Margrét V. Helgadóttir

island@paradis.dk

Sími 4498 6070

Umbrot: Þórarinn Leifsson

Auglýsingar: Guðmundur Daníelsson

formadur@islendingafelagid.dk

Árgjöld 2004-2005

Einstaklingar: 150 DKK

Fjölskyldur: 200 DKK

Ellilífeyrisþegar: 50 DKK

Árgjöld greiðist inn á giróreikning
609-0559

Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn

Formaður: Guðmundur Daníelsson

formadur@islendingafelagid.dk

Varaformaður: Ólafur Einarsson

Gjaldkeri: Hildur Gestsdóttir

gjaldkeri@islendingafelagid.dk

Ritari: Margrét V. Helgadóttir

ritari@islendingafelagid.dk

Meðstjórnandi: Friðrik Jónsson.

Meðstjórnandi: Stella S. Kiernan

Meðstjórnandi: Tómas Buchholz

Sími Íslendingafélagsins: 3314 6035

www.islendingafelagid.dk

*Þegar hlutirnir ganga
greiðlega fyrir sig ...*



Ef þú þarft að flytja milli landa eða landshluta léttum við þér lífið og greiðum leið þína í flutningsferlinu. Við leiðbeinum þér við pappírsvinnuna og tilhögun flutningsins, aðstoðum þig við að meta stærð búslóðarinnar og gerum þér hagstætt verðtilboð.

Þú finnur allt sem þú þarft á www.eimskip.is

Eimskip Denmark A/S
Íris Lóa Eyjólfsson
Tel: + 45 7020 1602
ile@eimskip.dk

EIMSKIP
GREIÐ LEIÐ

Saga Hafnarpóstsins

Árin 1986 -1990

Saga


Margrét V. Helgadóttir

Erla Sigurðardóttir lýsti hér í síðasta tölublaði skrautlegum upphafsdögum Hafnarpóstsins úr innsta hring sem var afar mikilvægur þáttur í þessari merki- legu sögu. Ég skemmti mér konunglega við að fletta gömlu blöðunum og vona að lesendur Hafnarpóstsins hafi jafn gaman af.

Margar setningar sem standa í gömlu blöð- unum eiga ennþá við í dag og það kemur eiginlega mest á óvart við lestur blaðanna, að félagsstarfið fer í stöðuga hringi en tekur að sjálfsgöðu mið af tíðarandanum hverju sinni. Vangaveltur um stjórnunar- stíl, fjárhag, völdin í Jónshúsi, álag og áæt- lanir, endurspeglast greinilega í blöðunum frá þessum tíma.

Hverfum aftur til ársins 1986 þegar nýr „Blaðahópur“ var stofnaður í október 1986. Í 7. tbl. 2. árg. skrifar hin nýja rit- stjórn í sínum fyrsta leiðara:

... „Auðvitað erum við hresst og áhuga- samt fólk opin fyrir nýju efni ef fólk lang-




ar að sýna áhuga og senda inn efni. Við ætlum sem sagt að halda okkur við gömlu uppbygginguna og síðan látum við það bara koma í ljós hversu byltingargjörn við erum. En ágætu lesendur, það er líka í ykk- ar valdi að halda blaðinu gangandi, um leið og þið sýnið áhuga þá gengur alt betur.“ Undir þetta rita: Helena Mjöll, Þorbjörg, Aðalbjörg, Edda, Jónína, Edda Rós og Einar. Það færast ósjálfrátt bros um varir mínar við lestur þessara orða;

...„það er líka í ykkar valdi að halda blað- inu gangandi“... sígildur boðskapur hér á ferðinni. En meira af efni blaðsins. Rakin er saga Íslendingafélagsins í Kaupmanna- höfn og þar stendur að félagið hafi verið stofnað árið 1919 en tilvist þess hafist fyr- ir aldarmót. Árið 1986 voru 550 skráðir félagsmenn. Stolt getum við þó státað af fleiri félögum í dag þótt ýmislegt hafi farið hnignandi eða breyst á síðustu árum. Um- ræða um námslánin er hávær og greinilegt að ekki eru allir á eitt sáttir í þeim efnum.

Upphafsdagar Guðrúnar

Næsta blað sem ég rekst á er frá árinu 1987 og búið að fækka tölublaðum úr 4-5 á ári í 2-3 tölublað. Tveir nýir liðsmenn hafa bæst í blaðahópinn. Í þessu blaði má finna umfjöllun um bókasafnið og íþróttafélag- ið Guðrúnu sem er nýlega tekið til starfa. Þess má geta að þetta ágæta íþróttafélag hefur elst vel, eflaust í mjög góðu formi miðað við aldur. Svo skemmtilega vill til að í blaðinu er rakin saga nafngiftarinnar og starfsemi félagsins kynnt:

„Veturinn 85 - 86 stofnuðu nokkrir ung- ir, friskir drengir íþróttafélag og skráðu sig til þátttöku í dönsku riðlakeppninni í handknattleik. Þegar senda átti inn tilkynn- inguna um þátttöku vantaði reyndar nafn- ið og tíminn var naumur. Pétur Gunnars- son sem verið hefur ein aðal drifffjöldurinn í starfi félagsins var þá staddur í Jónshúsi og innúr dyrunum kom hin aldna heiðurs- kona Guðrún Eiríksdóttir. Þar með kom nafnið eins og sent „að ofan“ og Guðrún E.C. varð að veruleika. Í dag er leikin knatt- spyrna, körfuknattleikur og handknattleik- ur. Í síðastnefndu taka tvö lið þátt í riðla- keppninni. 1. lið hefur unnið sig upp úr C





riðli í A riðil á jafnmörgum vetrum enda margar fræknar kempur meðal leikmanna. 2. lið leikur í C – riðli og tekur hlutunum með iðnaðarmannahugarfari; ekki aðalat-riðið að vinna, bara að vera með.”

Auglýsing frá Eimskipafélaginu á blaðsíðu 3 vekur næst athygli mína. Svo skemmtilega vill til að þessi hefð er enn við lýði.

Porrablótíð á Egmont kollegíinu

9. tbl. 4. árg 1988 er afar fjölbreytt blað. Þar má finna upplýsingar um íslenska útvarpið, viðtal við formann félagsins, umfjöllun um hestamennsku og fréttir af SÍNE. Í blaðinu er líka að finna umfjöllun um listamanninn sem sýnir í Jónshúsi á þeim tíma. Í dag er þessi hefð enn við lýði að listamenn haldi sýningar í Jónshúsi og oft hægt að finna upplýsingar um þá í Hafnarpostinum. Athyglisvert efni í þessu blaði er auglýsing frá Flugleiðum og sömuleiðis tilkynning um fyrirhugað Porrablót ársins 1989 „...sem haldið verður 11. febrúar á Egmont Kollegíinu”. Greinilegt að Porrablót þykir ekki stærri uppakoma en að hægt er að halda blótíð á Stúdentagarði í miðbænum og engar upplýsingar að finna um hljómsveit, dagskrá eða uppakomur.

Nú eru breyttir tímar á ferð þegar kemur að skipulagningu Porrablótis Íslendingafélagsins. Í dag er svo komið að viðburðurinn krefst gríðarlegar skipulagningar og kostnaðar.

3. tbl. 5. árg 1989 – Blaðið hefur snarminnkað, er í brotinu A5 og afar þunnt, aðeins 12 síður. Erfitt er að gera sér grein fyrir hvað hefur gerst á milli þessara ára en öll umgjörð hefur gjörbreytst. Aðeins er að finna dagskrá Jónshúss, heimilisföng og aðrar „harðar” staðreyndir í þessu nýja broti. Engu að síður er ekki annað hægt að brosa við lestur tilkynninganna:

„Atvinna í boði. Við erum tvær viðkunnalegar stúlkur, en uppteknar og því lítill tími til húsverka. Auglýsum því eftir vikadreng t.þ.þ sjá um öll almenn heimilisþrif, s.s. að elda, vaska upp, skúra, þvo þvott og fara út í sjoppu. Nánari upplýsingar í síma 01 – 265559.”

Og svo er það hann Jónas Jónatansson, ungur, áreiðanlegur, fyndinn en nærgætinn, frekar myndarlegur vélaverkfræðinemi í DTH sem getur bætt við sig nemendum í aukakennslu í stærðfræði. Það verður að hafa í huga við lestur þessara tilkynninga að þetta gerist allt fyrir tíma internetsins, spjallrásanna og dating.dk og má draga þá ályktun að Hafnarposturinn hefur þótt vinsæll miðill í tilhugalífínu.

Næsta blað sem verður á vegi mínum er 9. tbl. 6. árg. 1990 sem er gjörbreytt hvað útlit



og efnistöð varðar. Blaðið er aftur komið í A4, og meira segja blár litur í forsíðunni. Vafalaust gríðarleg bylting á þessum tíma. Innihaldið er afar fjölbreytt og greinilegt að mikill kraftur einkennir vinnslu blaðsins. Eitt þeirra nafna sem birtist á fyrstu síðum blaðsins er Gunnar Snælundur Ingimarsson. Hann ætlar að hjálpa okkur að rifja upp sögu Hafnarpóstsins í næsta blaði.



Heimsyfirráð eða sauðir eða bara að túra með Stones!

Hekkenfeld, Hekla og Laxness



Tónlist

Margrét V. Helgadóttir

Þegar ég heyrði nafn hljómsveitarinnar Hekkenfeld kom fyrst upp í huga mér þýsk þungarokkshljómsveit. Ég sá fyrir mér sveitta og snargeggjaða rokkarar eins og ég man eftir þeim á plakötum í Bravo blöðunum á sínum tíma. Undrunin var því mikil þegar ég gerði mér grein fyrir að Hekkenfeld væru íslenskir og dagfarsprúðir menn, kórsöngvarar sem og iðnaðarmenn!

Mér varð eiginlega allri lokið þegar ég komst síðan að því að söngvari hljómsveitarinnar, Birgir, væri gamall bekkjarbróðir minn úr menntaskóla sem var svo örlátur að lána mér eitt sinn uppáhaldsfótboltasokkana sína (sjálfa Fylkissokkana) í mikilli neyð á skólaskemmtun. Eftir þessar uppljóstranir var ekkert annað að gera en að fá hluta af Hekkenfeld hljómsveitinni í stutt viðtal vegna fyrirhugaðra útgáfutón-

leika á sjálfum Eyrarsundsgarði sem er óneitanlega vagga sköpunar og samveru Hekkenfeld félaganna.

Það er ekki annað hægt en að byrja á að spyrja út í nafn hljómsveitarinnar. Af hverju Hekkenfeld?

Óskar: - Biggi átti hugmyndina að nafninu og okkur fannst hún eiga mjög vel við. Hekkenfeld er erlenda nafnið á Heklu. Orðið kemur m.a. fyrir í Íslandsklukkunni eftir Halldór Laxness. Jón Hreggviðsson hafði verið á þvælingu um Þýskaland, Holland og Danmörku og sagt útlendingunum ótrúlegar lygasögur af Íslendingum og Íslandi. Hann sagði þeim frá Heklu sem spjó eldi og brennisteini og væri inngangur að sjálfru helvíti. Í bókinni var Jón kallaður "van Hekkenfeld" af þeim Hollendingum sem urðu á vegi hans. Um leið og nafnið vísar til álits Dana og annarra Evrópubúa á Íslendingum búsettum í útlöndum, vísar það um leið til djöfulgangsins og hitans í tónlist hljómsveitarinnar.

Birgir: - Fjarri Íslands ströndum, með eld í hjarta, en ísaðir að utan.

Hann las Íslandsklukkuna, vantandi nafn á pönk/rokk grúppu kirkjukórsins og þá kom ekkert annað til greina.

Jón: - Eitthvað jarðbundið en samt eldfimt. Og hvað skyldi nú vera skemmtilegast við að vera hljómsveitarmedlimur í Hekkenfeld?

Birgir: - Það er svo margt skemmtilegt, fljótlegt að svara hvað er leiðinlegt. Tónlistin tengdi okkur saman á eftir þjóðerninu en félagsskapurinn sem hefur myndast er ómetanlegur.

Óskar: - Það er félagsskapurinn. Hekkenfeld er ekki bara hljómsveit. Þetta er líka e.k. karla klúbbur. Við hittumst reglulega og höldum morgunverðarfundum. Þar drekkum við brennivín og borðum harðfisk og hákarl og gerum áætlanir um stóra hluti í heimi tónlistarinnar. Hins vegar enda fundirnir oftast í tómri vitleysu vegna þess að um hádegi eru flestir búnir að drekka allt of mikið brennivín til að geta gert skynsamlegar áætlanir.

Jón: - Félagsskapurinn, útrásin, Jackinn!

Bubbi er idolið!

Hvaðan kemur svo innblásturinn?

Félagnir eru innilega sammála um að pönkið hafi stór áhrif á hljómsveitarmedlimina.

Jón: - Frá gamla pönkinu og með hafgolunni og sunnan blænum.

Óskar: - Ef átt er við innblástur í textagerð er best að Biggi svari því. Hann á flesta textana. Varðandi tónlistina erum við flestir undir áhrifum frá gömlum íslenskum og erlendum pönk- og rokkhljómsveitum.

Birgir: - Pönk/rokk tímabilið á Íslandi 1980 til 1984 og rokk og ról almennt, kryddað með tilveru okkar í dag.

En ef við snúum okkur að persónulegri spurningum og karlmannsmyndinni er ekki annað hægt en að spyrja hvort að allir alvöru karlmenn séu hljómsveitagæjar inn við beinið?

Óskar: - Auðvitað erum við allir alvöru karlmenn en inn við beinið erum við bestu skinn (eitthvað var þetta nú öfugsnúið!!) No comment.

Birgir á erfiðara með að svara þessari spurningu. - Hummm.....nei, alls ekki. Við erum allir 14 - 15 ára stráklingar inn við beinið.

Jóni er misboðið. - Auðvitað, hvers konar spurning er þetta eiginlega?

Og til að halda strákanum á persónulegum nótum, var ekki annað hægt en að spyrja út í goðsögnina, sjálfar grúppíurnar! Fylgja ykkur ekki "grúppíur" hvarvetna sem þið spilið?

Óskar er ekki í vafa. Jú.

Jón er greinilega ekki ánægður með spurningar blaðamannsins, finnst þær kannski helst til of persónlegar.

Birgir sér nú ljósu hliðarnar á frægðinni. Jú, því miður geta þær ekki látið okkur í friði en við reynum að hafa gaman að þessu.

Tómur geimur og sveittur trommari

Hver er nú leiðtogi hópsins?

Birgir hefur greinilega sérstaka skilgreiningu á leiðtogum og lýðræðinu: - Algjört lýðræði. Maður verður að múta hinum til að fá sínu framgengt en þá er þetta komið út í tóma spillingu.

Óskar er greinilega ekki alveg sammála. - Það er enginn sem ræður mestu. Ég held að við ráðum allir mestu á mismunandi sviðum. Biggi ræður mestu þegar við stöndum á sviði og spilum. Við hinir ráðum kannski meiru á bak við tjöldin en enginn einn meira en annar.

Jón: - Það mundi vera Birgmundur Brjálaði (Annað sjálf Bigga)

Skemmtilegustu tónleikarnir til þessa?

Þeir eru allir sammála og segja giggið á Eyrarsundsbarnum 2003, sem var kveðjugigg Bigga en Biggi bætir við að versta giggið hafi verið; Stenladen 2002 í Ballerup. Tómur geimur og trommarinn sveittur á reykvélinni.

Ef þið mættum fara "world tour" með hvaða hljómsveit sem er í heiminum, hverja mynduð þið velja og af hverju?

Jón: - Ég veit ekki með hina en Foo Fighters koma upp í hugann.

Óskar: - Motörhead. Lemmy er lifandi goðsögn í rokkheiminum. Það er örugglega gaman að tæma nokkrar Jack Daniels með honum.

Birgir: - Já, ætli maður myndi ekki velja Rolling Stones. Við myndum þykja mjög líflegir og ungir miðað við þá.

Stefnið þið á heimsfrægd?

Óskar: - Við höfum tekið gamalt orðatiltæki og misnotað það og segjum: "Heimsyfírráð eða sauðir". Ég hef alltaf haft áhuga á sauðfjárræktinni og ætli það endi ekki með því að ég snúi mér að henni ef heimsyfírráðin klinka.

Jón: - Heimsfrægd eða brennivínsdauði!

Birgir: - Nei, bara að túra með Rolling Stones.

Við látum orð söngvarans vera lokaorðin og óskum Hekkenfeld góðs gengis og frábærra tónleika á Eyrarsundsgarði þann 14. maí næstkomandi. Fyrir einlæga aðdáendur Hekkenfeld, þá bendum við á heimasíðuna þeirra: www.hekkenfeld.dk þar sem finna má allar nánari upplýsingar um hljómsveitina og tónlist þeirra.

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR

HEKKENFELD



"UMTURNAST"

PROBABLY THE WORST BAND IN THE WORLD!

LAUGARDAGINN 14. MAÍ KL. 22:00

Í SUMPEN Í EYRARSUNDSGARÐI

SUMPEN OPNAR KL. 21:00 **AÐGANGUR ÓKEYPIS**

LOKSINS, LOKSINS!!!

ALVÖRU ELDFJALLAROKK Í DANMÖRKU. TRYGGÐU ÞÉR ELDHEITT EINTAK ÞANN 14. MAÍ Í SUMPEN.

TILBOÐSVERÐ: 100 KR.

www.hekkenfeld.dk



Líf og fjör í lystigörðum

Afþreying

Margrét V. Helgadóttir

Ritstjóri Hafnarpóstsins hefur heimsótt hina ýmsu lystigarða í Kaupmannahöfn og næsta nágrenni og ætlar hér með gera örlítinn samanburð á þeim eftir að hafa eytt þar drjúgum tíma í góðum félagskap þriggja barna sinna, ættingja og vina.

Um leið og sólinn hækkar á lofti eru ef-laust einhverjir farnir að huga að því hvert sé best að fara til að nýta sér blíðuna og fá sem mest út úr sumrinu og sólargeislunum. Það má líka búast við því að þó nokkuð margir séu að leita að viðeigandi afþreyingu fyrir ættingja og vini frá Íslandi sem eru búnir að kaupa sér flugmiða til Kaupmannahafnar og hafa hótad innrás á heimilið.

Einn af stærstu kostunum við að búa á stór Kaupmannahafnar-svæðinu er einmitt sá að möguleikarnir eru óteljandi þegar kemur að því að njóta góða veðursins. Fyrir þá sem vilja rólegheit og skoða fallegan gróður eða einfaldlega setjast á

bekk og horfa á fuglana, þá má bæði nefna Kongens Have í miðborg Kaupmannahafnar eða færa sig yfir á Frederiksberg og kíkja í hinn yndislega Fredriksberg Have.

Fyrir þá sem hafa meiri hreyfiþörf og vilja hafa læti í kringum sig, liggur beinast við að senda viðkomandi í Tívolí enda mjög auðvelt að eyða þar heilum degi (og fullt af peningum!). Tívolí er garður fyrir alla aldurshópa en þó má segja að hann sé kannski sístur fyrir allra yngstu kynslóðina, þá sem vilja fara sér hægt og geta ekki



mikið upp á eigin spýtur. Tívolí stendur svo sannarlega undir nafni með blikkandi tækjum, látum, pylsum og poppkorni.

Ef við færum okkur norður á bóginn, nánar tiltekið í áttina að Dyrhavsbakken, sjáum við einn af þeim gördum sem kalla má „sígildan“ – sjálfan Bakken. Það er einhver ævintýrlegur sjarmi yfir Bakkinn, alveg sama hvort að maður heimsækir hann í rigningu eða sól, að vori eða að hausti. Kannski er það bara vegna staðsetningarinnar að maður upplifir ævintýrastemninguna við það eitt að komast í skóginn en það er óhætt að fullyrða að Bakken er heimsókarinn-

ar virði. Garðurinn er ekki eins stór og Tívolí og því auðveldara að fylgjast með öllum fjölskyldumeðlimum jafnvel þótt að mismunandi tæki og tól heilli. Stemningin á Bakken er afslöppuð – sem er auðvitað umdeilt. Unglingunum finnst það fúllt á meðan foreldrar, aldraðar ömmur og þreyttir afar eru alsæl með rólegheitin.

Eftir afslöppun í „Nord“ eins og Danirnir kalla þetta svæði, er ferðinni heitir suður á bóginn, ekið eftir hraðbraut E47/E55 í áttina til Næstved. Þar má finna afar skemmtilegan garð sem ber heitið BonBonland. Það er í rauninni heppni að finna BonBonland innan um strápök og dráttarvélar í sveitasælunni en á heimasíðunni má finna góðar akstursleiðbeiningar. Upphaflega var BonBonland seldgætisframleiðsla (og er enn) og þaðan þekkja margir Bon Bonland í poka. Árið 1992 opnaði skemmtigarðurinn í fyrsta skipti og vinsældir garðsins hafa aukist mikið á milli ára og stöðugt verið að stækka garðinn og opna ný „lönd“ og ný tæki.

Bakken

www.bakken.dk

- Fallegt umhverfi sem gefur garðinn ævintýrablað.
- Einungis greitt fyrir tækin (hægt að kaupa armband yfir daginn en ekki greiddur aðgangseyrir inn í garðinn).
- Hægt að taka nesti með sér.
- Mikið úrval af tækjum, flestir finna eitthvað við sitt hæfi.
- Fjölbreytt dagskrá í boði fyrir alla aldurshópa.

- Stundum svolítið sóðalegt á grænu svæðinum (ekki á veitingastöðunum)
- Mörg tæki orðin svolítið lúin og mætti fríska upp á þau

En fyrir þá sem vilja upplifa eitthvað sem er einstakt og frábrugðið öllum hefðbundnum skemmtigörðum, er hægt að mæla með 4 klukkutíma keyrslu á samskipti grund og taka stefnuna á Vimmerby í Smálöndunum, heimabæ hinnar einu sönnu Astrid Lindgren.

BonBonLand

www.bonbonland.dk

- Gríðarlega mikið af tækjum sem henta öllum aldurshópum.
- Einungis greiddur aðgangseyrir inn í garðinn og síðan hægt að fara í öll tæki, eins oft og hver vill.
- Hægt að taka nesti með sér.



- Oft á tíðum langar biðraðir og mikill biðtími.
- Nauðsynlegt að ganga í gegnum RISA sælgætisverslun á leiðinni út.
- Lítið um aðra afþreyingu en tækin sjálf.

Þórarinn Leifsson hannar og brýtur um Hafnarpóstinn (í helvítis hveli)

Sími: 29410179
www.totil.com
totil@totil.com

totil.com
CPH



Aðdáendur hennar og aðstandendur hafa opnað alveg frábæran fjölskyldugarð þar sem andi Astridar svífur yfir. Þar er ekki að finna neina brjálaðir rússíbanar né trúðasýningar. Þeir sem vilja slíka skemmtun geta sparað sér keyrsluna. Um leið og komið er inn í Astrid Lindgren Varden (www.alv.se) blasir við sú ævintýramynd sem lesendur þekkja úr bókum hennar. Snyrtilega rauðmáluð hús með hvítu þaki og Emil kemur á harðahlaupum undan pabba sínum, Lína Langsokkur stendur galandi á svölunum á Sjónarhóli, Kalli klifrar á þakinu og svo mætti lengi telja.

Gestirnir, og þá sérstaklega yngsta kynslóðin, geta leikið sér í frjálstri náttúru og í leikjum, með vatn, steina og reipi, eins og maður ímyndar sér að fyrirmyndir söguhetjanna í bókunum hafi leikið á sínum tíma. Eitt það skemmtilegasta við garðinn er að fullorðnir sem börn reka upp undrunarhróp öðru hverju, og oftast en ekki; heyrir „Æi, manstu“ eða „sjáiði hvað hús-ið hennar er flott!“

Garðurinn verður ekki lagður á sömu vogaskál og hinir fyrrnefndu vegna sérstöðu sinnar. Hins vegar er hægt að segja að þessi garður er kannski ekki mikið fyrir unglinga, nema þá helst bókaorma sem eru einlægir aðdáendur Astrid Lindgren. Fyrir ærslabelgina gæti verið aðeins of rólegt í Smálöndunum en óhætt að mæla með þessum einstaka skemmtigarði fyrir allir aðdáendur Astridar Lindgren og þá skiptir aldur engu máli.

Ísland



Draumaferðir um Norður-Atlantshaf

Siglið heim til Íslands með M/F Norröna.

Hagstætt verð og ýmis þægindi.

Afsláttur fyrir námsfólk.

Hægt að taka bílinn og mikinn farangur með.

Ókeypis fyrir börn yngri en 6 ára án eigin koju.

Njótið siglingarinnar með öllum nútímapægindum: þægilegar káetur, veitingastaðir, verslanir, gufubað, sólbekkir, líkamsrækt, næturklúbbur, ráðstefnusalir og leiksvæði fyrir börnin. Nýjung: Nú er siglt allan ársins hring. Brottför frá Hanstolm alla laugardaga.

SMYRIL LINE

DANMARK



Trafikhavns-gade 7
DK-7730 Hanstholm
Tlf. +45 96 550 360
Fax +45 96 550 361
office@smyril-line.dk
www.smyril-line.dk

Íslensk bókmenntahátíð í Kaupmannahöfn

H.C. Islandus


Menning

Erla Sigurðardóttir

H.C. Islandus var fyrirsögnin á bókmennta- og listahátíð sem haldin var á Kaffi Jónasi í byrjun apríl. Þar voru mættir átta rithöfundar, þrír rapparar og einn myndlistarmaður auk húsfullis afgestum; bókaútgefendum, háskólalektorum, fjölmiðlafólki og menningarvitum að ógleymdum gestum frá Íslandi.

Rithöfundarnir sem lásu upp úr verkum sínum voru þau Auður Jónsdóttir, Eiríkur Örn Norðdahl, Kristian Bang Foss, Kristín Eiríksdóttir, Lars Frost, Mikael Torfason, Steinar Bragi og Sölvi Björn Sigurðsson. Leynigestur var ljóðskáldið Haukur Ingvarsson. Að loknum upplestri tróðu upp rapparinn Dóri DNA frá Íslandi en frá Danmörku voru það Loke Deph og Rux. Danskur upplestur var í höndum Søren Lampe.

Fyrri daginn, 1. apríl, opnaði sýning á myndskreytingum Þórarins Leifssonar á ævintýrum H.C. Andersen, sem Böðvar Guðmundsson endursagði en þau komu út í bókarformi síðastliðið haust. Gefið var út blað með sýnishornum úr verkum listamannanna. Magasin du Nord, Menntamálaráðuneytið á Íslandi og Icelandair styrktu hátíðina.



Góðir námsmenn!

Hjá LÍN á okkar ábyrgð

Við öxlum ábyrgðina með þér. Nú geta námsmenn samið beint við Landsbankann um bankaábyrgð á námslánum sínum hjá LÍN og þurfa ekki að leita til foreldra eða skyldmenna um ábyrgðir.

Þetta gerum við til að bæta enn námsmannabjónustu Landsbankans og auka valfrelsi fyrir alla námsmenn í landinu.

Landsbankinn hefur ávallt verið brautryðjandi í bjónustu við námsmenn:

- Fyrsti bankinn með námsmannabjónustu
- Fyrsti bankinn með sérstaka bjónustu fyrir íslenska námsmenn erlendis
- Fyrsti bankinn til að bjóða námsmönnum lán án ábyrgðarmanna
- Fyrsti bankinn til að bjóða flugnámslán
- Fyrsti bankinn til að bjóða námslokálán
- Fyrsti bankinn til að bjóða námsmönnum að sækja um námslán í gegnum Einkabankann

410 4000 | landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra námsmanna

Eru Íslendingafélög að deyja?

Félagsmál

Sighvatur Jónsson

Nútíminn með öllum sínum samskiptamöguleikum hefur haft áhrif á starfsemi Íslendingafélaganna sem vel flest merkja minni áhuga landans. Netíð, tölvupóstur, spjallforrit, ódýrari flugfargjöld, tíðari samgöngur eru meðal atriða sem nefnd eru sem skýringar. En þurfa stjórnir félaganna bráðlega að pakka félögunum ofan í tösku eða þurfa þau að endurskilgreina tilgang og markmið félaganna?

Íslendingum fjölgar erlendis

Um fimmtán þúsund Íslendingar búa á öðrum Norðurlöndum en Fróni samkvæmt tölum Hagstofunnar og tæplega helmingur þeirra, á sjöunda þúsund manns í Danaveldi. Saga Íslendingafélaganna nær í það minnsta aftur á síðustu öld, sem dæmi voru félögin í Gautaborg og Osló stofnuð fyrir rúmum fimmtíu árum. Hlutverk Ís-

lendingafélaganna hefur í gegnum tíðina verið að gefa fólki möguleika á að halda tengingu við land og þjóð, sem dæmi með skótuveislum, jólaböllum, þorablótum og hversdagslegri hlutum eins og kaffisamsætum.

En tímarnir breytast og Íslendingarnir með. Fyrir þremur árum hættu Íslendingar í Osló að hittast vikulega til þess að lesa saman Moggann. Fréttir að heiman og reyndar hvaðanæva úr heiminum finnast allan sólarhringinn á netinu. Útgáfustarfsemi Íslendingafélaganna snýr nú frekar að heimasíðum og rafrænum fréttabréfum en prentuðu efni þótt félagið í Köben gefi út Hafnarpóstinn með miklum myndarskap sex sinnum á ári.

Minnkandi þátttaka í flestum félögum

Á því hálfa ári sem ég hef búið í Danmörku hef ég sett mig í samband við Íslendingafélög víðs vegar á Norðurlöndum og stjórnendum ber saman um að „ungmennafélagsandinn“ sé ekki lengur við lýði. Erfiðara sé að fá fólk til að taka þátt í starfsemi félaganna og sumst staðar sé það hreint óger-

legt. Einna helst tekst félögunum að halda úti stærstu viðburðinum en í stórborginni Gautaborg var þorablóti reyndar aflýst í fyrsta sinn í ár vegna dræmrar þátttöku.

Ekki kvarta þó allir yfir áhugleysi landans. Þannig var þorablótið hjá Íslendingafélagin í Sønderborg á suður Jótlandi það fjölmennasta til þessa. 27.000 manns búa í Sønderborg, sem leiðir hugann að því hvort betur gangi í minni bæjum? Íslendingafélagið í Horsens átti ekki í vandræðum með þorablótið í ár en í bænum búa um 60.000 manns, þar af 400 Íslendingar og um helmingur þeirra í „Mosanum“ svokallaða. Stór Íslendingahverfi virðast þó ekki vera ráðandi þáttur, þar sem félagið í Árósum finnur fyrir minnkandi áhuga, þrátt fyrir að þar sé fjölmargir Íslendingar í hverfum eins og Tilst og Lystur. Stjórnarmaður í félaginu segir að erfitt sé að ná til fólks þegar það komi til Danmerkur. Þess ber þó að geta að í Árósum hefur verið



stofnað félag íslenskra námsmanna, sem gæti haft áhrif á þáttöku yngra fólks í almenna féluginu.

Í Noregi er þorablót svo til það eina sem kemur félagsmönnum í Íslendingafélaginu Kjartani í Brándheimi saman og frá Björgvin fékk ég þær upplýsingar að þátttaka í þorablótum minnki með hverju árinu.

Er þetta bara tölvunni að kenna?

Þátttaka í félagastarfsemi hlýtur í grunninn að snúast um félagslega þörf og því rökrétt að spyrja hvort minnkandi áhugi þýði að þörfin sé minni. Íslendingar erlendis geta í dag gert fleira en bara hringt „heim“. Hægt er að senda tölvupóst, skrifa inná vefsíður eða verið í mynd- og hljóðsambandi í gegnum spjallforrit svo fátt eitt sé nefnt.

Sem dæmi hef ég hvorki hitt ritstjóra Hafnarpóstsins né rætt við í síma, okkar samskipti hafa eingöngu farið fram með tölvupóstum. Til að svara forvitni minni um við hverja ég væri nú að skrifa á við, fann ég fljótlega mynd af Margréti ritstjóra á netinu. Tölvupóstur var einnig hluti þeirrar tækni sem ég notaði við fréttavinnslu um Íslendingafélögin. Frá Björgvin í Noregi fékk ég skeyti sem í stóð: „Það er eins og Íslendingar, sérstaklega þeir yngri, finni litla þörf á samskiptum við landa sína í útlöndum lengur. Netið og ódýrari símtöl og flug-



Sighvatur Jónsson, fréttaritari Stöðvar 2 í Danmörku, var með afar áhugavert frétt um Íslendingafélög á Norðurlöndunum þann 6. mars síðstliðinn, þar sem fram kom að á flestum stöðum er starfsemi Íslendingafélaga að breytast eða kannski að lognast út af?

Við sem störfum í stjórn Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn höfum margofter velt þessum spurningum fyrir okkur á stjórnarfundum síðastliðið ár.

Sighvatur tók ljúfmannlega í þá bön okkar að skrifa grein um ástandið í Íslendingafélögunum í kringum okkur eftir að hafa kynnt sér málið við undirbúning fréttarinnar.



ferðir hafa stýtt leiðina heim. Námsmenn staldra kannski ekki lengi við og við, sem búum hér fast, erum búin að finna okkar vini og kunningja meðal Íslendinga. Þörfin minnkar því með árunum og það þykir kannski orðið nett hallærislegt að hafa samskipti við fólk í útlöndum bara að því að það er Íslendingar." Stjórnarmaðurinn sem sendi mér þennan póst, lauk honum á því að afsaka hversu seint hann svaraði, það sé ekki svo oft sem félagið fái póst.

Mannleg samskipti á tölvuöld

Samkvæmt markaðslögmálum getum við annaðhvort ályktað að Íslendingafélagin séu deyjandi fyrirbæri með minni eftirspurn, eða litið svo á að félagin þurfi að endurskilgreina sig, og jafnvel taka upp aðrar aðferðir. Ég ætla ekki að fara út í þá hugmyndavinnu hér, en óneitanlega vakti athygli mína aðferð félagsins í Sønderborg á Jótandi. Það mætti líta á þá tækni sem mótsvar við „þægilegum og fljótlegum samskipaformum nútímans“, því eins þægilegur og tölvupóstur getur verið, er yndislegt að tala við fólk og jafnvel horfa framan í það, svona til tilbreytingar. Frá félaginu í Sønderborg fékk ég eftirfarandi jákvæðu lífsspeki: „Það skiptir rosalega miklu máli að þeir sem sitja í stjórninni hafi gaman af því að sinna sínu starfi. Einnig skiptir máli að í stjórninni sitji fólk sem er með góðan kontakt til annarra Íslendinga á svæðinu. Jákvæðni breiðist út alveg jafn mikið og neikvæðnin og ef að það er kominn neikvæð umræða um Íslendingafélagið og jafnvel meðlimi þess, hefur það áhrif á mætingu á atburði og að síðustu fjölda meðlima. Svo okkar uppskrift er jákvæðni og meiri jákvæðni og að biðja félagsmenn um að aðstoða við atburði sem haldnir eru (hringja persónulega). Einnig að hafa ekki of mikið um að vera (max tvisvar í mánuði en þá erum við ekki að tala um hinar ýmsu æfingar sem haldnar eru í hverri viku, eins og kór, körfubolta, fótbolta og babminton). En þetta með að tala jákvætt og peppa fólk upp í að mæta þegar að maður hittir það í Bilka eða Fötex hefur virkað voða vel.“

Sighvatur Jónsson

Greinin er byggð á heimildum frá Íslendingafélögum víða um Norðurlöndin, í tengslum við fréttavinnslu fyrir Stöð 2.

Endurskilgreiningar er þörf...

... í Kaupmannahöfn

Félagsmál

Margrét V. Helgadóttir

En þurfa stjórnir félaganna bráðlega að pakka félögunum ofan í tösku eða þurfa þau að endurskilgreina tilgang og markmið félaganna? spyr Sighvatur í grein sinni og á mikið hrós skilið fyrir að opna þessa umræðu.

Við sem sitjum í stjórn ÍFK höfum oftast en ekki velt þessari spurningu fyrir okkur. Hvert er hlutverk okkar á tölvuöld þegar allir hafa aðgang að Mogganum á netinu og nota Skype til samskipta við fjölskylduna heima? Eigum við að gegna hlutverki skemmtinefndar og skipuleggja uppákomur á borð við Þorablót, jólaball eða páskaþing? Eða er það hlutverk okkar að vera á stöðugri upplýsingavakt? Síðastliðið eina og hálfa árið hefur verið hægt að hringja í símanúmer félagsins allan sólarhringinn þar sem símanúmerið er stillt inn á heimasíma stjórnarmeðlima. Spurningarnar sem hafa komið inn í gegnum síma félagsins eru oft á tíðum afar skrautlegar. Klukkan 23 hringir sími félagsins og á hinum enda línunnar er Íslendingur nýfluttur til Kaupmannahafnar og vantar íslenskan tannlækni. Hvar fæst íslenskt lýsi? Hvenær er sendiráðið opið? Hvaða strætó er best að taka upp á Eyrarsundskollegi? Getið þið reddað okkur atvinnuljósmyndara til að taka myndir í dag? Þessar spurningar eru bara brot af því sem við höfum fengið inn á borð til okkar og eru þær mjög mikilvægar þáttur í að endurskipuleggja starfsemi félagsins.

Endurskilgreining á félaginu er þörf, því félag sem Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn verður að bregðast við breyttum aðstæðum. Ef við lítum aðeins í kringum okkur sjáum við að hið gamla og virta Stúdentafélag er sofnað værum svefni og óvíst hvenær það vaknar á ný. Hins vegar skjóta ný stúdentafélög innan stærri háskólanna upp kollinum og lifa góðu lífi innan hverrar stofnunnar. Í verkfræðiháskólanum DTU í Lyngby er komin hefð fyrir félagi

íslenskra stúdenta, íslenskir læknanemar, bæði í Kaupmannahöfn og annars staðar í Danmörku hafa myndað sterkt netverk með félagsskap sínum, lengi vel var virkt íslenskt stúdentafélag í Viðskiptaháskólanum CBS. Á Kagsakollegíinu er afar sterkt Íslendingasamfélag með íþróttafélagi, jólaballi, fönðurklúbbum og margt, margt fleira. Sú staðreynd að Íslendingarnir hópi sig saman í smærri einingum er hluti af þeirri mynd sem verður að skoða í endurskipulagningsferlinu. Hátt í 700 manns mættu á Þorablót ÍFK í Nimb í febrúar á þessu ári en einungis 17 mættu á tónleika með Herði Torfa í Jónshúsi hálfum mánuði seinna. Það getur verið afar erfitt að átta sig á því hvað það er sem Íslendingar búsettir erlendis vilja fá frá Íslendingafélaginu. Sumir kvarta yfir því að stjórnin sé alltof óvirk og það vanti meira líf í félagið en þegar kemur að því að boðið er upp á atburði, er það kannski fólkið sem kvartar mest yfir aðgerðarleysisinu sem ekki mætir á staðinn.

Það verður samt að hafa í huga að það er einfaldlega aldrei hægt að gera öllum til hæfis. Við í stjórn ÍFK værum afar þakklát félagsmönnum okkar ef þeir gætu hjálpað okkur áleiðis til nútímalegra félags með því að leyfa okkur að heyra hvað þið teljið vera hlutverk félagsins í dag. Á félagið að einbeita sér að útgáfu Hafnarþóstsins eða bara að viðhalda vefsíðunni? Eigum við að halda upplýsingalínunni opinni? Eða er það eitthvað allt annað sem við eigum að snúa okkur að? Er Íslendingafélag í Kaupmannahöfn orðið úrelt fyrirbrigði?

Sendið okkur endilega línu og leyfið okkur að heyra hvað ykkur finnst. Netfangið er hafnarpostur@islendingafelagid.dk eða þið getið sent okkur bréf á á heimilisfangið:

Jónshús c/o Íslendingafélagið
Øster Voldgade 12
1350 København K

Í SVÖRTUM FÖTUM

í Kaupmannahöfn Laugardagskvöldið 7. maí



Alvöru íslenskt sveitaball !

**Hal D - Selskabslokale,
Strandgade 100 D
1401 København K.**

Miðverð aðeins Dkr. 150,-



ÍSLANDSBANKI

Nánari upplýsingar á www.mib.is

Kveðja frá Íslenska skólanum í Kaupmannahöfn

Nútímaættjarðarljóð og gamlir leikir



Barnasíðan

María Gísladóttir

Mörg af helstu ættjarðarljóðum Íslendinga voru skrifuð á sínum tíma af Íslendingum sem bjuggu fjarri heimahögnum, t.d. Hafnarstúdentum í Kaupmannahöfn. Í gömlu ljóðunum er náttúran helsta yrkisefnið. Grundin er græn, silungsár glitra, lömbin eru léttfæt, heiðloftið heilnæmt og foldin er fögur. Nokkrir ungir Íslendingar búsettir í Kaupmannahöfn ortu ljóð nú á vormánuðunum m.a. nútíma-ættjarðarljóð.

Ljóð

Ísland, með fjöllin stóru og háu.
Ísland, með vötnin djúpu og bláu.
Ísland, sem alla mína þrá geymir.
Draumalandið, þar sem allir vilja deyja.

Lovísa 12 ára

Pristur

Ó, Þristur!
Ó, þitt góða bragð og keimur!
Ó, Djúpur!
Þín harða skorpa og þinn súkkulaðiúð-
aði lakkrisssveimur, mmmmm.....
Ó, Draumur!
Mig dreymdi þig í nótt!
Þú varst svo góður á bragðið, súkkulaðið
bráðnaði strax á tungunni.
Manni langar bara að fá þig allan í einu.
Allt þetta íslenska nammi er orðið að sótt.
Maður getur bara ekki látið það liggja fyrir
framan sig.
Það er bara svoooo gott.

Kristín Björg 14 ára

Morgunfýla

Mér finnst svo erfitt,
erfitt að vakna snemma
á morgnana.
Og fara í skólann.

Dagbjartur 8 ára

Ísland er ævintýraland

Ísland er ævintýraland.
Margir halda að það sé stór og feitur klaki,
en ég veit betur.
Landið breytist eftir hverja hundrað metra,
eins og einhver ótrúlega saga.

Við þekkjum allar sögurnar,
þó þær séu þúsund ára gamlar,
því fólk skrifaði um sjálf sig
á tungumáli sem er ennþá til.

Ísland er friðarland,
glæpir eru fáir,
fólk talar saman.
Maður skemmtir sér í fjöllum,
á Djöflaeyjunni í alltaf gaman.

Allir sem búa á Fróni eru eskimóar,
þó mér finnst þeir líta ósköp venjulega
út.
Íslendingar búa í litlum snjóhúsum,
þó mér finnst húsin vera stærri.

Ísland er í raun og veru ævintýraland.

Óðinn 16 ára

Tívolí

Það er gaman að fara í Tívolí,
með pabba og labba um
og fá ís.

Miranda 6 ára

Drasl

Mér finnst erfiðast
að halda á drasli heim.
Örugglega erfiðara
en að fljúga út í geim.

Ólafur Ingi 6 ára

Leikir

Hér eru nokkrir góðir og gamlir
leikir sem krakkar á Íslandi fóru í
þegar ekki var hægt að fara í play-
station eða horfa á spólu. Ætli það
sé bara ekki best að stökkva yfir
sauðalegginn og setja síðan spólu
í tækið.

Að reisa horgemling.

Setjist flötum beinum á gólfíð. Takið
síðan með hægri hendi undir hægri
hné og um eyrnasneppilinn á hægri
eyra. Vinstri hönd á að halda í buxna-
strenginn að aftanverðu.
Standið síðan upp í þessum stelling-
um.

Að horfast í augu

Þáttakendur snúa andlitum saman
og horfast í augu. Eftirfarandi þula er
höfð yfir í upphafi leiksins og skýrir
hún hvað ber að varast:

Horfumst við í augu sem grámyglur
tvær.
Sá skal vera músin sem fyrst mælir,
kötturinn sem sig skælir,
fíflíð sem fyrst hlær,
folaldið, sem fyrst lítur undan
og skrimslíð sem fyrst skína lætur í
tennurnar.

Að stökkva yfir sauðalegginn

Leggur er lagður á gólf. Sá sem ætlar
að stökkva yfir hann tekur með hönd-
unum undir tærnar á sér og reynir síð-
an að stökkva jafnfætis yfir legginn.
Þetta er ekki eins auðvelt og það
hljómar!

Maí sölufurð 2005

Ágæti viðskiptavinur!

Þá er komið að síðustu ferð fyrir sumarið. Við komum til Kaupmannahafnar sunnudaginn 22 maí.

Hlé verður gert yfir sumarið og þráðurinn tekinn upp að nýju í haust. Hafið þetta gjarnan í huga þegar pantað er.

Hægt er að panta í gegnum heimasíðu okkar sem er: www.islandsfisk.se eða í síma: 00-46-340-35620.

Afhendingarstaðir eru Dalslandsgade í Öresundskollegiet / Amager og bílastæðið hjá Netto búðinni á horni Batterivej / Ringvej / Kagsåkollegiet / Herlev.

Að sjálfsögðu verðum við á nýja frystibílnum okkar sem er vel merktur í bak og fyrir með nafninu "ISLANDSFISK".

Með sumarkveðju Guðbjörn Elíson / Islandsfisk



Sjófryst ýsuflök	9 kg roðlaus	117/ kr kg
Sjófryst þorskflök	9 kg roðlaus	114/ kr kg
Sjófryst ufsaflök	9 kg roðlaus	79/ kr kg
Rækjur (100/200)	2,5 kg pillaðar	148/ kr kg
Rækjur (150/250)	2,5 kg pillaðar	137/ kr kg
Steinbítflök	6 kg roðlaus	149/ kr kg
Saltfiskur í bitum (beinlaus-úrvatnaður)	5 kg með roði	185/ kr kg
Lúðukótelettur	5 kg	210/ kr kg
Rauðsprettuflök	5 kg með roði	162/ kr kg
Hamsatólg	250 g	38/ kr st
Hangilæri úrbeinað	ca 1,7 kg	290/ kr kg
Hangilæri með beini	ca 2,4 kg	240/ kr kg
Harðfiskur	1/2 kg roðlaus	248/ kr st
Lambaskrokkur 1/1 (engin slög)	12 til 15 kg (sagað)	83/ kr kg
Lambalærisneiðar	8 kg	188/ kr kg
Lambakótelettur	8 kg	175/ kr kg
Lambalæri (úrbeinað)	ca 1,7 kg	185/ kr kg
Saltkjöt	4 kg fatan innifalin	88/ kr kg
Egils Malt	1/2 L (minst 6 st)	19/ kr st
Freyju draumur (Hjúpaður lakkrís)	70 g	25/ kr st
Rommý rommkremsúkkulaði	24 g	10/ kr st

Keyrslugjald 65 kr

Öll verð eru í sænskum krónum / tökum gjarna við dönskum krónum.



Þjóðhátíðardagskrá 2005

Laugardaginn 18. júní 2005 mun ÍFK standa fyrir árlegri þjóðhátíðarsamkomu Íslendinga í Kaupmannahöfn.

Staður: Fimmeyringurinn við Amager Strand

Stund: Skipulögð dagskrá milli klukkan 12 og 16

Klæðnaður: Eftir veðri og vindum en við treystum á að sólgudeirnir verði okkur hliðhollir í ár og sendi ótakmarkað magn af sólargeislum til að bæta upp fyrir rigningarflóðið í fyrra.

Dagskrá:

- Hið árlega Kvennahlaup hefst klukkan 12 stundvíslega á Fimmeyringnum
- Karlakór Dalvíkur heldur uppi þjóðlegri stemningu með skemmtilegum söng
- Leikir fyrir börn á öllum aldri
- Ávarp fjallkonunnar
- Óvæntar upþákomur

Sölutjöld til leigu

Viltu hreinsa út úr geymslunni, selja pylsur eða poppkorn? Allir þeir sem vilja selja varning, vörur eða veitingar, geta fengið leigð tjöld af félaginu gegn vægu gjaldi.

Veitingasalan er algjörlega frjáls og því tilvalið tækifæri fyrir alla þá sem eru í fjáröflunarstarfsemi. Athugið að við eigum einungis takmarkað magn af tjöldum og því gildir einfaldlega – fyrstir koma – fyrstir fá! Þeir sem panta sölutjöld, þurfa að greiða staðfestingargjald fyrir 1. júní.

Áhugasamir hafið samband í síma félagsins: 3314 – 6035 eða á netfangið: ritari@islendingafelagid.dk

Síminn 

Pantaðu
heillaóskaskeyti á siminn.is
og borgaðu með
kreditkortinu þínu

Það er einfalt og þægilegt að senda vinum og ættingjum skeyti í gegnum netið og kostar aðeins 730 kr. ef greitt er með kreditkort.

Þú pantar skeytið á www.siminn.is/heillaskeyti



siminn.is

Frá safnaðarnefnd og presti

Fermingar framundan

Presturinn

Þórir Jökull Þorsteinsson

Kæru landar, bræður og systur.

Nú má segja að vorið sé komið hér í Danmörku og léttist þá brúnin á fólki. Páskahátíðin er um garð gengin en þó seilist tímabil þeirra allt til Hvítasunnu ef að er gáð í dagatali kirkjunnar. Helgihald okkar í Sankti Páls kirkju hefur verið með svipuðu sniði og verið hefur og var ánægjulegt hve páskamessa okkar var vel sótt. Ekki færri en 90 manns sóttu til kirkjunnar á þessari stærstu hátíð kristinnar kirkju. Í tilefni af páskum hafði söfnuðurinn til sölu íslensk páskaegg sem seldust vel þó ekki hafi birgðir alveg klárast. Hafi einhverjir áhuga á íslensku sælgæti á góðu verði þá er um að gera að setja sig í samband við sendiráðsprest eða formann safnaðarnefndar Óskar Ágústsson.

Afstaðið er kóramót íslenskra kóra sem starfa á erlendra grund. Það er haldið á tveggja ára fresti og fór að þessu sinni fram í Gautaborg undir miðjan mars. Þar komu saman kórar frá Lundúnum; Osló; Stokkhólmi; Lundi og Gautaborg auk Kirkjukórsins okkar og nýja blandaða kórsins í Kaupmannahöfn sem ber heitið Staka. Kóramótið tókst vel og var vegleg veisla haldin í tengslum við það. Sendiherrahjónin í Stokkhólmi, þau Svavar Gestsson og Guðrún Ágústsdóttir heiðruðu kórafólkið og aðra þátttakendur í mótinu með nærveru sinni. Að lyktum var messað í Frölunda kirkju þar sem prestur Íslendinga í Svíþjóð, sr. Ágúst Einarsson, leiddi helgihaldið og prestur Íslendinga í Noregi, sr. Helgi Hróbjartsson, predikaði. Viljum við þakka fyrir ánægjustundir þessar.

Þá er önnur tónlistarveisla nýafstaðin sem fólst í sameiginlegum tónleikum Kórs Digraneskirkju í Kópavogi og Kórs íslenska safnaðarins í Kaupmannahöfn hinn 17. apríl. Tónleikarnir fóru fram í Gethsemanekirkju á Vesterbro þar sem afar vel var tekið á móti okkur Íslendingum. Dagskráin var fjölbreytt og skemmtileg. Sungin voru kirkuleg verk og veraldleg bæði á dönsku

Drottinn, þú sem lætur ljós réttlætis þíns ljúsa í hjörtum vorum enn í dag og vísar oss rétta vega, gef oss hugrekki, styrk og staðfestu til að hlíta boðum þínum, eflast í trúnni og greina að rétt og rangt. Í Jesú blessaða nafni. Amen.

og íslensku. Stjórnandi Digraneskórsins er Kjartan Sigurjónsson, organisti. Með í för var sóknarprestur Digraneskirkju sr. Gunnar Sigurjónsson sem sagður er sterkasti prestur í heimi og eiginkona hans. Söng hann einsöng í Litaníu úr hátíðasöngvum Bjarna Þorsteinssonar. Takk einnig fyrir þessa ánægjulegu heimsókn.

Sem þessi orð eru skrifuð er í undirbúningi árleg barna- og fjölskylduguðþjónusta sem orðin er hefð í kirkjustarfi okkar. Þar koma saman Kirkjuskóli okkar ásamt starfsmönnum hans þeim Erlu og Örnú; barnakórinn undir stjórn Diljár Sigursveinsdóttur; Kór íslenska safnaðarins með stjórnanda sínum Ásdísi Arnalds og auðvitað við hin sem viljum gleðjast í kirkjunni með börnum okkar og öðru ungvíði.

Þá er og í undirbúningi þátttaka okkar í söfnuðum Kirkjudögum á Jónsmessu sem fram fara á Skólavörðuholtinu í Reykjavík. Kirkjudagar eru nýlegt framtak á vegum Þjóðkirkju Íslands og eru haldnir heima á tveggja ára fresti. Þar kynna söfnuðir og ýmsar stofnanir Þjóðkirkjunnar starf sitt og

þjónustu. Við munum leggja okkar af mörkuðum með þátttöku í málstofu um kirkjulíf Íslendinga í útlöndum og svo verðum við með sýningarbás ásamt öðrum íslenskum söfnuðum sem starfa á erlendra grund. Undirbúningur er þegar hafinn og munu tveir fulltrúar úr safnaðarnefnd okkar fara til Íslands vegna þessa ásamt presti.

Nú styttest í Hvítasunnu og þá er fermt í söfnuði okkar samkvæmt gróinni hefð. Hvítasunnudag ber upp á 15. maí og þá komum við saman til hátíðarmessu í Sankti Pálskirkju. Fermd verða: Ingólfur Örn Ingólfsson; Jóhanna Guðrún Sigurðardóttir; Kristín Björg Björnsdóttir; Leó Berg Einarsson; Ragnar Kristjánsson og Sigurjón Rúnar Vikarsson. Önnur níu sem gengu til fermingarundirbúnings hjá sendiráðspresti í vetur fermað heima og sum eru þegar fermd. Með hamingjuóskum biðjum við ungmennunum og fjölskyldum þeirra blessunar og hagsældar á komandi tíma.

Með bæn og góðum óskum frá presti og safnaðarnefnd.



Menningarmolar

Tónleikar með Stöku

Staka heldur tónleika þann 19. maí í Frederiks Bastion á Christianshavn. Með tónleikunum lýkur fyrsta starfsári Stöku. Staka er nýr íslenskur kór sem var stofnaður á haustdögum ársins 2004 með það að markmiði að breikka þann grundvöll sem þegar er til staðar fyrir íslenskum tónlistarflutningi í Kaupmannahöfn. Í kórnum eru 16 Íslendingar, ásamt einum Færeyingi og Þjóðverja sem flestir hafa sungið í kórum áður eða búa að annarri tónlistarlegri menntun. Stjórnandi Stöku er Guðný Einarsdóttir. Þema tónleikanna er ljós og myrkur og tekur verkefnavalið mið af því. Flutt verða verk eftir íslensk tónskáld svo sem Jón Leifs, Haflíða Hallgrímsson og Báru Grímsdóttur, en einnig verk eftir tónskáld frá Danmörku og Finnlandi. Frumflutt verður nýtt verk Stefáns Arasonar sem er tileinkað Stöku.

Frederiks Bastion var byggð árið 1744 sem skotvopnageymsla fyrir danska sjóherinn. Í dag er bastionen notuð af Norden í Fokus til ýmissa lista- og menningarviðburða. Bastionen er staðsett á Refshalevej 80 og gengur leið 66 þar nálægt. Fyrir næsta starfsár mun Stöku vanta nokkrar raddir. Áhugasamir eru beðnir um að hafa samband við Hjört í síma 24 46 74 63.

Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs til Íslands

Sjón (Sigurjón Birgir Sigurðsson) hlýtur bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 2005 fyrir skáldsöguna Skugga-Baldur. Í rökstuðningi verðlaunaneftar Norðurlandaráðs segir að í Skugga-Baldri þræði Sjón (Sigurjón Birgir Sigurðsson) einstigið milli ljóðs og prósa. Í skáldsögunni séu ofin saman minni úr íslenskum þjóðsögum, rómantísk frásögn og heillandi saga þar sem siðfræðilegar spurningar nútímans skjóti upp kollinum.

Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs hafa verið veitt frá árinu 1962. Tíu ár eru síðan Íslendingur fékk verðlaunin síðast. Bókmenntaverðlaunin nema 350 þúsundum danskra króna og verða afhent í tengslum við Norðurlandaráðsþing í Reykjavík í október næstkomandi.

Kristinn Sigmundsson og Jónas Ingimundarson

Þriðjudaginn 17. maí mun Kristinn Sigmundsson halda sýna fyrstu tónleika í Kaupmannahöfn, nánar tiltekið í Svarta Demantinum. Að baki tónleikanna standa Íslenska sendiráðið í Kaupmannahöfn og Konunglega bókasafnið í samstarfi við Dansk - Íslensk samfund. Í fréttatilkynningu segir að þeir félagar ætli að leika og

syngja falleg íslensk þjóðlög, klassíska tónlist og að lokum taka óperuariur og lög úr söngleikjum.

Þeir sem hafa áhuga á að nálgast miða á þennan einstaka tónlistarviðburð geta pantað miða á www.billetnet.dk en miðaverðið er 140 DKK. Sömuleiðis er hægt að panta miða í gegnum Billetnet í síma 70 15 65 65 eða á pósthúsi. Ef einhverjir miðar verða lausir á tónleikadaginn, verða þeir seldir við innganginn frá klukkan 19.

Með því að sýna meðfylgjandi auglýsingu hér að neðan þegar miðarnir eru sóttir, geta félagar í ÍFK fengið afslátt á einn miða út á hvert blað Hafnarpóstsins. Með félagsafslætti kostar miðinn 100 DKK. Þessa afsláttarmiða er ekki hægt að panta á netinu. Þá þarf að panta í fyrrgreindu símanúmeri eða á pósthúsi.

Announce fra Islands

Ambassade i København

Mod forevisning af denne annonce kan afhentes billetter på BILLET netsalgsteder til Kristinn Sigmundssons koncert i Diamanten tirsdag den 17. maj kl. 20, til discountprisen 100 kr. (excl. gebyr). Bemærk venligst, at pladserne i salen er unummererede.



Fulltrúi Íslands í "Scenen er din"

Föstudagskvöldið 22.apríl var Eva Karlotta Einarsdóttir, frá Siglufirði, einn af keppendunum í þættinum Scenen er din (voksen-sang) á TV2. Aðstandendur hennar sendu eftirfarandi fréttatilkynningu; „Ef þér líkar söngurinn, þá getur þú greitt henni atkvæði þitt með því að senda sms á þáttinn, og styðja þar með við bakið á landanum á framabraitinni út í hinum stóra heimi, Danmörku. Við reyndum að fá viðtal við keppandann en samkvæmt heimildum aðstandendanna má Eva Karlotta ekki tjá sig um keppnina fyrr en hún er yfirstaðin en vonandi getum við birt viðtal við Evu Karlottu í næsta blaði þar sem hún segir okkur frá þessari lífsreynslu.

Í svörtum fötum mættir á svæðið

Þeir eru eflaust margir sem muna eftir Strákunum í Svörtum fötum sem slógu í gegn á Þorablótinu 2003 sem haldið var í Amager Selskabslokal. Nú eru þeir á leið til Köben á ný og ætla að halda geggjað sveitaball í Hal D, Strandgade 100D (á sama stað og Mljónamæringarnir spiluðu á Þjóðhátíðardansleiknum í fyrra). Það lá beinast við að spyrja: Hvað hefur gerst í hljómsveitinni síðan þeir voru síðast til umfjöllunar í Hafnarpóstinum (ársbyrjun 2003)?

„Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar. Hljómsveitin hefur sent frá sér 2 hljómplötur á þessum 2 árum og eru þær nú orðnar alls 3 og allar hafa þær hlotið góðar viðtökur á Íslandi og allar selst í gull-vís.

Jónsi hefur þess utan ekki setið auðum höndum og tekið þátt í uppærslum á söngleikjunum Grease, Fame, Með næstum allt á hreinu og Ávaxtakörfunni auk þess sem hann var fulltrúi Íslands í Eurovision í fyrra. Aðall hljómsveitarinnar hefur alltaf verið að skemmta ballgestum með endalausum stuðlögum og verður Jónsi seint sakaður um tilþrifaleysi á sviðinu. Frá árinu 1999 má segja að hljómsveitin hafi verið á stanslausu tónleikaferðalagi um Ísland. Ástæða þess að við leikum nú í Kaupmannahöfn er sú að samgöngur eru alltaf að batna, heimurinn að minnka og fjöldi Íslendinga býr í nágrenninu.”

Það verður án efa frábær stemning í Hal D enda er hljómsveitin oft kölluð ein besta sveitaballahljómsveit landsins!

Tónlistarlegt uppeldi

Þær Diljá Sigursveinsdóttir og Ásdís Arnalds eru að byrja með tónlistarnámskeið fyrir ungabörn (1.árs og yngri) og foreldra þeirra í Jónshúsi. Á námskeiðinu læra foreldrar leiðir til að nota söng og tónlist í daglegu uppeldi og umönnun barna sinna. Námskeiðið er ætlað börnum á fyrsta ári og foreldrum þeirra. Um er að ræða sex skipti, klukkutíma í senn þar sem sungin verða þekkt barnalög og kvæði, leikið og dansað og notið samverunnar.

Kennt verður á miðvikudagsmorgnum klukkan 11:00 og hófst fyrsta námskeiðið miðvikudaginn 20 apríl. Aðsóknin var svo mikil að stofnaðir voru tveir hópar núna í vor en ætlunin er að byrja á nýju námskeiði í haust. Í næsta blaði fáum við að vita meira um námskeiðið og sjá myndir af litlu krílunum á fyrsta námskeiðinu. All-

ar nánari upplýsingar um fyrirhuguð námskeið veita þær Ásdís í síma 2624 8773 og Diljá í síma 2640 4525.

Knattspyrnumenning

Knattspyrnustarfið er komið af stað fyrir alvöru hjá FC Íslandi. Á síðasta ári fóru þeir upp um deild þar sem þeir spiluðu umspili um sæti í A riðli utandeildarinnar hér í Kaupmannahöfn. Þeir byrjuðu að æfa utanhúss fyrir nokkrum vikum og hafa æfingar verið tvisvar í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum. Góð mæting hefur verið og eru líklega um 25-30 strákar á skrá. Þótt ótrúlegt megi virðast þá hafa þeir ekki ennþá fengið úthlutað sómasamlegu æfingarsvæði, þrátt fyrir mikla æfingasókn og góðan árangur. Þeir vona að úr þessu rætist nú á næstu vikum en þangað til verða menn að taka því sem þeim býðst.

Tímabilið hófst fyrir þremur vikum og spilum þeir núna í næst efstu deild, sem er A deild. Þeir hafa byrjað af sama krafti og einkenndi liðið á síðasta tímabili. Hingað til höfum þeir unnið alla þrjá leiki sína í deildinni og erum þeir sem stendur í efsta sæti með markatöluna 18-2 okkur sér vil. Þeir munu halda áfram að berjast og stefnan er sett rակleidis upp í efstu deild. Áfram FC Ísland.

Dagskrá Jónshúss

MAÍ

Miðvikudagur 4.	kl. 10.30	Tónlist með ungabörnum
	kl. 12.00	Tónlist með ungabörnum, seinni hópur
Þriðjudagur 10.	kl. 19.00	Konukvöld
Miðvikudagur 11.	kl. 10.30	Tónlist með ungabörnum
	kl. 12.00	Tónlist með ungabörnum, seinni hópur
Fimmtudagur 12.	kl. 17.30	Safnaðarnefndarfundur
Laugardagur 14.	kl. 11.00 – 12.30	Bókasafnið opið
	kl. 16.00 – 18.00	Opnun Jóhönnu Friðfinnsdóttur
Sunnudagur 15.	kl. 14.00 – 16.00	Messukaffi
Miðvikudagur 18.	kl. 10.30	Tónlist með ungabörnum
	kl. 12.00	Tónlist með ungabörnum, seinni hópur
Miðvikudagur 25.	kl. 10.30	Tónlist með ungabörnum
	kl. 12.00	Tónlist með ungabörnum, seinni hópur
Föstudagur 27.	kl. 19.30	Félagsvist
Sunnudagur 29. maí	kl. 14.00 – 17.00	Messukaffi

Fastir liðir:

Alla mánudaga	kl. 19.00	Kvennakór Kaupmannahafnar, æfing
	kl. 19.45	AA-fundur
Alla þriðjudaga	kl. 20.00	Al-anon fundur
Alla miðvikudaga	kl. 18.00 – 20.00	Bókasafnið opið
		Sýning um Jón Sigurðsson opin
	kl. 18.00	Kór Ísl. safnaðarins, æfing
	kl. 20.00	AA-fundur
Alla fimmtudaga	kl. 18.00 – 20.00	Bókasafnið opið
		Sýning um Jón Sigurðsson opin
Alla föstudaga	kl. 19.00	AA-fundur
Alla laugardaga	kl. 09.00	Íslenski skólinn, yngri deild
	kl. 12.00	Íslenski skólinn, eldri deild
Alla sunnudaga	kl. 11.00	AA-fundur
	kl. 14.00 – 17.00	Opið hús, kaffi og meðlæti, íslenskt úvarp, íslensk blöð, í umsjá UMF Heiðrúnar
		Sýning um Jón Sigurðsson opin
	Kl. 16.30 – 19.30	Staka, kóræfing

Athugið breyttan tíma á Messukaffi á Hvítasunnudag

Vegna viðgerða á sal verður engin kaffisala sunnudaginn 8. maí, öll önnur dagskrá verður með venjulegum hætti.

Hugsanlegt er að vegna viðgerða á sal Jónshúss verði frekari breytingar á dagskránni, það verður kynnt á heimasíðunni :www.jonshus.dk

Jónshús Øster Voldgade 12 1350 København K Sími 3313 7997 www.jonshus.dk

Tilkynningar

Myndlistaropnanir

Stefán Berg myndlistarmaður opnaði sýningu í Jónshúsi 2. apríl s.l. Þetta er þriðja sýning Stefáns í salnum en hann bjó lengi hér í Kaupmannahöfn en býr nú í Reykjavík. Sýningin er hluti af myndaröðinni 1001 mynd. Laugardaginn 14. maí milli kl. 16.00 og 18.00 opnar Jóhanna Friðfinnsdóttir síðan sýningu á verkum sínum og stendur sýningin fram í byrjun júní. Jóhanna er fædd á Akureyri og hefur lagt stund á myndlist frá árinu 1996. Sýningar hennar eru orðnar 12, bæði á Íslandi og í Danmörku. Jóhanna hefur stundað nám í Handarb.skulen Manger, Radøy, Bergen 1965-1966, Listaskóli Arnar Inga Akureyri. 1997-2000, Kunstscolen paa Hølnæs, Fyn, Danmark 2001-2002 og Kunstscolen Brofogedvej 10 København, Danmark 2004-2005 og sótt fjölda námskeiða.

Endurbætur

á sal Jónshúss

Vegna endurbótanna á sal Jónshúss féll Félagsvistin niður þann 29. apríl en verður næst föstudaginn 27. maí. Engin kaffisala verður sunnudaginn 8. maí en Messukaffi verður eins og venjulega á Hvítasunnudag 15. maí milli kl. 14.00 og 16.00. Öll önnur starfsemi í Jónshúsi verður með venjulegum hætti á meðan á endurbótunum stendur. Búið er að fjarlægja loftið úr salnum og verður sett upp nýtt loft með sérstökum plötum sem eiga að bæta hljómburð verulega.

Skilafrestur

og íslenskir stafir

Ritstjóri Hafnarpóstins gleðst ávallt yfir að fá aðsent efni í blaðið og reynir eftir bestu getu að birta allt það sem berst inn á ritstjórnarborð. Til að flýta fyrir vinnslu blaðsins er það samt áriðandi að allt aðsent efni komi fullunnið, þ.m.t. með íslenskum bókstöfum. Það liggur oft gríðarleg vinna í að breyta stöfum í tilkynningum og fréttum. Skilafrestur í næsta blað er 20. maí þar sem við flýtum vinnslu blaðsins út af 17. júní hátíðarhöldunum.

Halastjörnur, hátíðarhöld og H.C.

Síðasta orðið

Sigurður Jónasson

Snjór hefur sett óvanalega sterkan svip á fyrstu mánuði ársins hér á Sjálandi og því hafa fylgt margir kostir að mínu mati. Vissulega er það þó ótengt aðkomu íslenskra fjárfesta og viðskiptajöfra í dönsku viðskiptalífi en samt svolítið íslenskt.

Hér í norðurhluta höfuðborgar Dana hef ég ekki farið varhluta af mikilli umræðu og þeirri athygli sem hin nýja íslenska viðskiptaaðkoma hefur haft. Samstarfsmenn, viðskiptafélagar, nágrannar og/eða foreldrar bekkjarsystkina dóttur minnar, samgleðjast flestir stórhuga Íslendingum en nokkrir hafa þó haft ýmislegt á hornum sér. Flestir spyrja ítrekað; Hvaðan fá þessir menn peninga til þess að fjárfesta svona mikið? Ég hef orðið minna var við umræður um kaup á flugfélagi og bankafjárfestinga en Magasín salan fór fyrir brjóstið á mönnum og fékk mikla umföllun. Sjálfsagt tengt þeim systurum öfund og græðgi en mér finnst samt að nú fjölgi þeim hratt sem farnir eru að sjá að aðkomumennirnir, reynsluboltar í smásöluverslun, vilja reka verslun með hagfræði hinnar hagsýnu húsmóður að leiðarljósi. Vonandi gengur þeim það allt í hagin.

Vitanlega getur maður skilið viðbrögðin. Magasín hefur á vissan hátt verið stolt Dana í áraraðir þó svo þeir hafi fækkað innkaupaferðum sínum þangað og hafi margt sagt að allur vindur hafi verið farninn úr landsfrægum janúarútsölum. Ég gef mér það, að mörg stór orð mundu falla og hátt mundi heyrast í ýmsum Íslendingum ef þær fréttir spyrðust út einn mánudagsmorguninn að forsvarsmenn og mentorar Royal Greenland hefðu keypt meirihluta hlutafjár í Granda hf.

Stóru þorpin utan fjárlaga

Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn á þakkir skilið fyrir að halda í heiðri góðum og þjóðlegum siðum og fjölbreyttum skemmtunum fyrir landann. Fjölmíðillinn Hafnarposturinn er þar ekki undanskilinn. Gamli ungmennafélagsandinn með sjálfboðaliðunum er í hávegum hafður og virðist svo vera hjá fleiri Íslendingafélögum hér í Danmörku. Þétt búseta landans í einstökum byggðakjörnum eða kollegíum hefur skapað ýmsa góða grenndarkosti og byggt upp sterka héraðsstjóra. Þá krefst það þroskaðra einstaklinga að vera í forystusveitinni og sjá til þess að menn uppskeri svo sem þeir sái. Það er vitanlega stórmerkilegt að samfélög Íslendinga hér í Danmörku, sem takast á við verkefni á við meðalstórt sveitafélög á Íslandi, skuli yfirleitt geta haldið úti fjölbreyttu starfi, algjörlega óstudd af opinberu íslensku almannafé. Fjölbreytt dagskrá þjóðhátíðardagsins sem haldinn er á hinum ýmsu stöðum á Íslandi er yfirleitt fastur útgjaldaliður á rekstrarreikningi viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags. Stærðarlega séð eru þó nokkur "sveitarfélög" Íslendinga í Danmörku og þau geta ekki opnað veski skattgreiðenda. Annað þarf til. Hér þyrftu ef til vill Alþingismenn að taka upp stækkunarglerið og finna peningasmugur til styrktar starfsemi Íslendingafélaga erlendis.

Hans Christian Andersen

Ekki get ég látið hjá liða að minnst á 200 ára minningarafmæli snillingsins og ævintýrahöfundarins Hans Christian Andersen, þann 2. apríl s.l. Margir Íslendingar gjörþekkja verk hans og nú hafa dönsk markaðsöfl lagst á eitt. Á árinu 2005 skal sýna alheimi hver snillingurinn var og hvaðan hann kom. Sá maður er blindur sem ekki rekst á eitthvað tengt minningarafmælinu. Margt smátt gerir eitt stórt og allt er orðið merkt skáldinu og til sölu. Já stundum finnst manni alveg nóg um. Vitaskuld rýrir það ekki gildi sögunnar um Hans Christian sjálfan og kynninganna á verkum hans. Þó verð ég að viðurkenna að mér hreinlega



krossbrá sem foreldri og gömlum H.C. Andersen aðdáanda að heyra dótturina koma með þær fréttir frá kennara sínum úr grunnskólanum að Hans Christian Andersen hafi lítið verið hrifinn af börnum. Með sparisvip snýr maður sér út úr svona þversögnum og segir að sögur H.C. Andersen séu skrifaðar fyrir fulloröna, svo þeir geti útskýrt og sagt þær börnum sínum. Eitt verð ég þó að viðurkenna, en það er að ég horfði á útsendinguna frá Parken, á sjálfu afmælskvöldinu, og fannst mér hún bara nokkuð skemmtileg og fjölbjóðleg. Reyndar beið ég spenntur eftir því að sjá Tinu Turner koma fram, jafn fjarri Hans Christian Anderson og það gat nú verið. Með fullri virðingu fyrir fyrri þýðendum, bið ég líka spenntur eftir að sjá þýðingar Þórarins Eldjárns á verkum skáldsins.



Lucky Fares til Íslands

1.640,-

frá kr.

með flugvallarsköttum

Bókað á www.icelandair.dk

www.icelandair.dk

ICELANDAIR

